



Óhappa- og slysatíðni eftir gerð vegar

Haraldur Sigbórsson og Þórólfur Nielsen

Þjóðvegir eru vegir sem eru lagðir og haldið er við af fé ríkisins og ætlaðir almenningi til frjálsra afnota. Þjóðvegir eru taldir upp í vegaáætlun, safnvegaáætlun og landsvegaskrá og tengja byggðir landsins á samfelldan og eðlilegan hátt. Þjóðvegum er skipt í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi háð hlutverki auk þess sem þeim er skipt í flokka A, B, C, D, og F, háð gerð þversniðs.

Í þessari greinargerð verða kynntar niðurstöður athugunar sem gerð var á tíðni umferðaróhappa á þjóðvegum háð hlutverki þeirra, gerð og umferðarmagni. Borin var saman tíðni umferðaróhappa mismunandi þjóðvega og umferðaröryggi metið út frá tölvutækum gögnum um umferðaróhöpp frá árunum 2000-2004. Safnvegir voru ekki með í því úrtaki, sem var rannsakað.

Slysaskrár frá árunum 2000-2004 og vegaskrá ársins 2005 voru tvinnuðar saman með hjálp þeirra einkennandi vagnúmera sem hver vegkafli ber í þjóðvegakerfi Vegagerðarinnar. Með þessari samvinnun fengust ítarlegar upplýsingar um hvert umferðaróhapp í slysaskrá Vegagerðarinnar 2000-2004. Vekja ber athygli á því að skráning viðkomandi umferðarslysa er í höndum Umferðarstofu og er gerð eftir skýrslum lögreglunnar, en Vegagerðin fær skráninguna frá Umferðarstofu.

Ef tíðni minniháttar og meiriháttar óhappa 2000-2004 er merkt inn á graf og besta lína dregin í gegnum punktana virðist sem tíðni bæði minniháttar og meiriháttar óhappa fari minnkandi á tímabilinu 2000-2004.

	Staðsetning	Eignatjón	Lítill meiðsl	Mikil	Banaslys	Samtals
2000-2004	Dreifbýli	1,0593	0,2315	0,0562	0,0149	1,3618
	Höfuðborgarsvæði	2,4401	0,3232	0,0363	0,0033	2,8029
	Þéttbýli utan höfuðborgarsvæðis	1,8028	0,2605	0,0402	0,0122	2,1158

Tíðni umferðaróhappa á stofn-, tengi- og landsvegum í umsjá Vegagerðarinnar háð staðsetningu. [óhöpp/milljón ekna km].

Tíðni eignatjóna er mun meiri í þéttbýli en dreifbýli, en alvarleiki og slysatíðni er meiri í dreifbýli. Áður fyrr gildi lengi vel, að óhappatíðni þjóðvega var um það bil 1,0 og slysatíðni 0,4. Sjá má, að þessar tölur eiga enn við um dreifbýli.

Tíðni alvarlegra umferðaróhappa er mest á landsvegum en minnst á stofnvegum. Þetta kann að haldast í hendur við almenn gæði vegflokka þar sem ökuhraði er svipaður í öllum tilfellum. Sérstaka athygli vekur þó að tíðni minniháttar umferðaróhappa er minnst á tengivegum.

	Vegtegund	Eignatjón	Lítill meiðsl	Mikil meiðsl	Banaslys	Samtals
2000-2004	A	2,2098	0,3004	0,0358	0,0050	2,5510
	B	1,0655	0,2457	0,0426	0,0150	1,3688
	C	1,2727	0,2427	0,0647	0,0141	1,5943
	D	1,5414	0,2471	0,0588	0,0118	1,8591
	F	1,2330	0,1897	0,2529	0,0000	1,6757

Tíðni umferðaróhappa á stofn-, tengi- og landsvegum í umsjá Vegagerðarinnar háð vegtegund. [óhöpp/milljón ekna km].

Tíðni alvarlegra óhappa er minnst á vegtegund A en mest á vegtegund F. Athugum þó að þrátt fyrir að vegtegund F sé um fimmtungur af lengd vegasafns þess sem hér er skoðað þá er notkun þessarar vegtegundar lítil og því geta óvenju mörg óhöpp eitt árið orsakað óvenju háa tíðni umferðaróhappa á þessari vegtegund. Þannig kann að vera að þau 4 alvarlegu umferðaróhöpp sem verða árið 2001 kunni að orsaka að vegtegund F mælist með óvenju háa tíðni umferðaróhappa.



Línuhönnun
verkfræðistofa

...á eil gæðna vörðu

Ef umferðaröryggi er borið saman við umferðarmagn þá virðast þéttbýlisáhrifin valda mestum fjölda eignatjóna þegar umferð er mest, en alvarleiki og slysatiðni er áfram mest á fáförnustu vegunum.

Í rannsókninni er greint frá niðurstöðum athugunar á slysaskrá 2000-2004 og vegaskrá 2005 sem finna má á vef Vegagerðarinnar. Með rýni þessara gagna fengust upplýsingar um fjölda óhappa og tíðni óhappa eftir gerð vegar á þjóðvegakerfi landsins. Á það ber þó að líta að einstaka tölur kunna að gefa ranga mynd af raunveruleikanum, ef um er að ræða lítið safn vega og/eða litla notkun þess safns. Einnig ber að nefna, að líta skal á stærðargráður talna í töflum frekar en að lesa í nákvæmni þeirra. Loks er vegtegund byggð á skrá, sem inniheldur stundum óskhyggju frekar en raunverulegt ástand, að dómi sérfræðinga Vegagerðarinnar. Niðurstöðum fyrir vegtegund ber því að taka með varúð. Rétt er að benda á nauðsyn þess, að Vegagerðin komi sér upp réttri skrá yfir vegtegund fyrir hvert ár. Myndi það gera svona rannsóknir, eins og hér um ræðir, nákvæmari. Auk þess mætti þá sjá svart á hvítu, hvernig gæði vegakerfisins batnar ár frá ári og hægt að meta ávinning í umferðaröryggi.

Það er von höfunda að skýrsla þessi muni gagnast í framtíðinni við mat á umferðaröryggi og að það muni skila sér í öruggara vegakerfi.



Línuhönnun
verkfræðistofa

...á eil gæðna vörku